

*Sent í samráðsgátt*

Reykjavík, 27. febrúar 2023

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið  
Skrifstofa stefnumótunar og innleiðingar

**Efni: Umsögn til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins um áform um breytingar á raforkulögum og lögum um Orkustofnun (raforkuöryggi), mál nr. 34/2023.**

Í áformaskjali í samráðsgátt segir um málið að gildandi lög mæli ekki með nægjanlega skýrum hætti fyrir um ábyrgð og hlutverk stjórnvalda þegar kemur að fullnægjandi framboði raforku. Þá skorti í lögum ákvæði um sérstaka vernd notenda, hver verndin skuli vera og hver skuli njóta hennar.

Með umsögn þessari vilja Bændasamtökin fyrst og fremst koma að þeim sjónarmiðum að innlendur landbúnaður er af hálfu stjórnvalda flokkaður sem þjóðhagslega mikilvægur þar sem greinin styrki áfallaþol samfélagsins og sé einn af grundvallarþáttum fæðu- og matvælaöryggis þjóðarinnar. En fæðu- og matvælaöryggi er hluti þeirra atriða sem stjórnvöldum ber að líta til við mat á þjóðaröryggi sbr. þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland, nr. 26/145.

Innlendur landbúnaður er sífellt háðari raforku og með boðuðum orkuskiptum má ljóst vera að óskert aðgengi að raforku verður grundvallar forsenda landbúnaðarframleiðslu á komandi árum. Samtökin telja því mikilvægt að með boðuðum breytingum á raforkulögum verði aðilar í landbúnaðarframleiðslu flokkaðir sem forgangshópur. Óska Bændasamtökin eftir aðkomu að því samráði við hagsmunaaðila sem boðað er í áformaskjalinu.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllt  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, lögfræðingur